

Nd.

791. Nefndarálit

[286. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kynnt sér viðhorf iðnaðarsamtakanna til málsins. Formaður Félags ísl. iðnrekenda kom á fund nefndarinnar og gaf greinargóð svör við fyrirspurnum, sem fram komu frá nefndarmönnum. Einnig komu til viðræðu á nefndarfund formaður og framkvæmdastjóri Landsambands iðnaðarmanna og gáfu þeir ýmsar upplýsingar um viðhorf iðnaðarmanna til frumvarpsins. Meiri hluti iðnaðarnefndar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt í efri deild.

Alþingi, 15. maí 1975.

Ingólfur Jónsson,	Lárus Jónsson,	Ingvar Gíslason.
form., frsm.	fundaskr.	
Þórarinn Þórarinsson.	Pétur Sigurðsson.	